

## Tillaga frá stjórn FG um umbun til trúnaðarmanna

Fjórða þing KÍ haldið í Reykjavík dagana 9. til 11. apríl 2008 felur stjórn KÍ að leita leiða til að umbuna trúnaðarmönnum fyrir störf þeirra.

### **Greinargerð**

Fjórði aðalfundur Félags grunnskólakennara samþykkti sambærilega ályktun. FG leggur töluverða fjármuni í að umbuna trúnaðarmönnum fyrir störf þeirra og veltir fyrir sér hvort ekki sé eðlilegra að það sé gert á vettvangi KÍ. Trúnaðarmenn í leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólum eru trúnaðarmenn KÍ og því eðlilegt að þeir njóti umbunar frá KÍ fyrir störf sín.

Einnig er mikilvægt að KÍ reyni að efla skilning vinnuveitenda á mikilvægi trúnaðarmanna og nauðsyn þess að vinnuveitendur veiti auknum tíma til trúnaðarstarfa og greiði fyrir þau.